

*Rík er var fósturjörð af yl og öðrum gæðum*



*Mikið má maður vel við una, þrátt fyrir allt, þau gæði sem skaparinn veitti okkur með að búsetja okkur á eyju gnægta orkuauðlinda nyrst í ballarhafi með gnótt fiskjar en þó furðu mannverum á þura partinum, sem aldrei hafa getað stýrt varanlega sinni velferð eða kunnað að þakka með auðmýkt fyrir skaparans góðu gjafir, en hafa endalaust gaman af Sturlunga stríði sín á milli.*

*Gleðileg jól og farsælt nýtt ár.*

# Fréttir af framkvæmdum við Kópavogstún 2-4

Þar er allt á blússandi ferð og framkvæmdir ganga hraðar en gert var ráð fyrir...



Útsýni frá þriðju hæð í suður átt



Fyrsta skóflustungan var tekin 22. janúar s.l., síðan hefur verið unnið að uppsteypu hússins og er uppsteypu nánast lokið. Húsið er sex hæðir með 28 íbúðum.

Rafmagns- og hitaveituinntök eru komin í húsið. Hiti er komin á fyrstu 3 hæðirnar.

Frágangur innanhúss er í fullum gangi þ.e. einangrun útveggja, múrverk, pípulagnir, raflögn, smíði innveggja, sandspörtlun og málun. Smíði innréttinga og innihurða er hafin hjá Axis í Kópavogi. Vinna við frágang utanhúss er í gangi. Verkfundir eru haldnir einu sinni í mánuði með verktaka, fulltrúum byggjenda og samtakanna.





Glæsilegt útsýni er úr öllum íbúðum í suður og vestur. Kópavogurinn, Álftanesið og Reykjanesskaginn blasa við.

Húsið stendur í göngufæri við hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð en þar er þjónustukjarni þar sem unnt er að kaupa mat. Fótsnyrtingastofa, hárgreiðslustofa og bankaþjónusta eru einnig til staðar.

Húsinu verður skilað 15. ágúst 2013. Hefur verið flýtt um 3 mánuði.

Nokkrar íbúðir eru óseldar. Nánari upplýsingar fást hjá fasteignasölnunni Miklaborg, sölumaður Ólafur, sími 569-7000.





Útlit frá aðkomuhlið. Til vinstri er brúin yfir í Sléttuveg 29.

## Þjónustumiðstöð við Sléttuveg

Allt á blússandi ferð  
7. desember 2012



Hér fáum við mat í maga.





Hönnun þjónustumiðstöðvarinnar er í fullum gangi og stórar ákvarðanir hafa verið teknar hvaða áherslur verða lagðar í starfsseminni. Framtíðarsýn og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hefur verið haft að leiðarljósi. Hægt á að vera að fá mat í maga, líkamlega þjálfun og félagslega næringu. Notendur munu hafa mikið um það að segja hvað í boði verður. Þannig verður send lítil könnun á næstu dögum til að fá púlsinn á því hvað hverfisbúum finnst skipta máli í starfssemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Stærð þjónustumiðstöðvarinnar verður 2300 fermetrar. Miðstöðin verður á tveimur hæðum, en auk þess verða þjónustuíbúðir á þriðju hæðinni. Gengið verður inn í húsið norðan megin - á fyrstu hæð. Miðað við að allt gangi upp þá er stefnt að því að hefja byggingu þjónustumiðstöðvarinnar vorið 2013 og opna haustið 2014. THG arkitektastofa sér um hönnun húsnæðisins. Til stendur að Hrafnista byggji hjúkrunarheimili við hliðina á þjónustumiðstöðinni og þjónustuíbúðir sunnan við með tengigöngum í miðstöðina. Sömuleiðis er verið að skoða að byggja tengiganga við fleiri hús. Ekki liggur fyrir hvenær hjúkrunarheimilið og þjónustuíbúðirnar verða byggðar.

Hrafnista leggur áherslu á að vera í fararbroddi í málefnum eldri borgara og bygging þjónustumiðstöðvarinnar verður þar engin undantekning. Miðstöðin verður hin glæsilegasta og töluvert öðru vísi en félagsmiðstöðvar sem reknar eru af Reykjavíkurborg. Þannig má líkja þjónustumiðstöðinni á margan hátt við hverfismiðstöð þar sem stefnt er að hafa opið ekki eingöngu að degi til virka daga heldur einnig um helgar og jafnvel síðdegis. Við viljum gjarnan sjá fólk á öllum aldri í húsi hvort heldur til að sækja kaffihúsið, menningarviðburði, námskeið eða sjúkrapjálfun svo eitthvað sé nefnt.

Þegar inn er komið blasir við stór matstofa/veitingasala og

kaffihús, en salurinn er einnig hannaður fyrir margs konar skemmtanir. Segja má að hér sé hjartað í húsinu. Á sömu hæð er dægradvöl fyrir eldri borgara þar sem lagt verður upp úr heimilislegu andrúmslofti. Dagvistin mun geta tekið á móti 25 gestum í einu, en hún er hugsuð til að hlúa að þeim sem búa einir heima og hafa þörf fyrir tilbreytingu 1x-5x í viku. Hjúkrunar- og læknaþjónustur eru lögð til grundvallar hverjir geta sótt dagvistunina. Á hæðinni er einnig gert ráð fyrir lítilli verslun með helstu nauðsynjum og verður hægt að fara inn í hana bæði utan frá svo og inni af þjónustumiðstöðinni. Sama konar aðgengi verður að hárgreiðslustofunni sem verður á hæðinni. Heimabjónustan og heimahjúkrun munu hafa hér aðstöðu auk þess sem gert er ráð fyrir rými fyrir fundi og margs konar klúbbstarfssemi. Skrifstofur og að sjálfsgöðu móttakan þar sem hægt verður að fá margs konar upplýsingar eru staðsett við innganginn í húsið.

Á jarðhæð verður frábær aðstaða til að stunda fjölbreytt félagsstarf, námskeið og fræðslu. Allri hreyfingu verður gert hátt undir höfði hvort heldur sem um er að ræða líkamsrækt, boccia og dans svo eitthvað sé nefnt. Segja má að líkamleg þjálfun verði aðalsmerki starfsseminnar svo og félagsleg virkni. Sjúkraþjálfun verður rekin á jarðhæðinni með áherslu á þarfir eldri borgara. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri, Nanna Sigurðardóttir til að þróa starfssemina og verður spennandi að fylgjast með hvernig sú starfssemi á eftir að þróast. Á jarðhæðinni er einnig gert ráð fyrir fótaaðgerðarstofu. Hægt verður að ganga út í yndislegan suðurgarð af jarðhæðinni sem býður upp á ýmsa möguleika.

Ef það eru einhverjar spurningar sendið mér þá tölvupóst eða sláðið á þráðinn.

Með jólakveðjum.  
Sigríður Ólafsdóttir verkefnisstjóri.

# Jóla spjall í Fréttablaði Samtaka aldraðra

Eftir Gerði G.Bjarklind



Gerður í hópi samstarfsfólks á RÚV

Þetta er í fyrsta sinn, sem ég skrifa í blað og segi frá sjálfri mér. Ég hugsaði að segja nei, en ákvað að segja já, ekki vegna oflofs, heldur góðri lífsreynslu vegna vinnu minnar og vona ég að þessi skrif verði ykkur til ánægju, því í raun hef ég fengið góða svörum frá þeim sem ég hef spjallað við undanfarin ár í ýmsum kirkjum og á samkomum.

Í sumar átti ég samtalið við nágranna minn á Sléttuvegi og bað hann mig að segja frá og verður það í formi gleði í hjarta, skemmtilegs fólk og lífsins í kring um mig.

Ég er Vesturbæingur í húð og hár og finn alltaf fyrir því, þegar ég er komin vestur yfir læk, þótt ég hafi búið nánast öll mín fullorðinsár í Austurbænum, en svona er nú þetta samt.

Á síðasta ársfjórungi 2008 reið yfir hinn mesta kreppa, sem núlifandi Íslendingar hafa orðið fyrir. Hjá fjölmörgum samborgurum okkar var þetta reiðarslag og olli straumhvörfum í lífi þeirra. Erfiðleikar og flótti frá landinu, fólk gat ekki borgað skuldir sínar, hafði ekki peninga til þess og enga vinnu, sem var mjög erfitt fyrir marga því Íslendingar eru ekki að hrópa á torgum, ef illa gengur. Þó urðu breytingar á því, vegna þess að samborgararnir tóku saman höndum og gagnrýndu yfirvöld. Fjöldi fólks undi því ekki vel, en þegar betur er að gáð, var þetta gott fyrir fólk að koma frá sér reiði og sárindum. Nú eru liðin fjögur ár. Við höfum flest lifað af, hópur Íslendinga hefur flust úr

landi og er mikil eftirsjá eftir því fólk. Meiri ró hefur færst yfir, en betur má ef duga skal. Óskin er að samheldni haldist í hendur og að fólk gleymi því ekki sem gerðist. Samheldni hefur svo mikið að segja fyrir okkur öll.

Eldri borgar hér á landi þekkja mun betur en unga fólk í dag, peningaleysi frá fyrri tíð, því kreppur hafa orðið áður hér á landi.

Þegar ég var lítil hnáta, voru skömmtnarseðlar fljótandi um allt. Ekki var farið út í mjólkurbúð, nema í fylgd skömmtnarseðla, og líka að fleiri voru þeir, eftir stærð fjölskyldu. Í biðroð stóðum við litlu stýrin með mjólkurbrúsa og dollur fyrir rjóma, ef peningur var fyrir rjómanum að segja. Mér fannst þær alltaf svo flottar konurnar í mjólkurbúðinni í hvítum sloppum og með stífaða kappi, helltu mjólk í brúsana, notuðu desílítramálin þegar rjómanum var komið í sultukrúkkurnar og síðast en ekki síst þegar þessar dísir pökkuðu skyrinu inn. Síðar sagði vinkona mín mér að hennar takmark í lífinu níu ára písl, að verða búðarkona í hvítum sloppi og pakka skyri í smjörpappír þegar hún yrði stór.

Undanfarin 4 ár hefur okkur verið sagt frá í útvarpi, sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, hversu skelfilegt þetta sé allt saman og það er það svo sannarlega. Við höfum lesið viðtöl í blöðum við fólk, sem missti allt sparifé sitt, varð bugað af sorg og reiði, en segir núna, að það reyni af mætti að ýta reiðinni frá, hugs

skipulegar og láti skynsemina ráða fyrir einn dag í einu. Held ég að þetta hafi orðið okkur öllum til góða þrátt fyrir allt.

Ég er bjartsýnismanneskja að upplagi, en oft fengið bágt fyrir, og stundum hefur verið sagt fremur höstuglega: Þú er alltaf svo glöð, en við skulum staldra aðeins við.

Þegar til langs tíma er litið, þá held ég að húmorinn og obbalítið af bjartsýni, sé nú betra krydd í tilveruna, en sífellt reiði og haturs hugsanir út í lífið og tilveruna og þeirra sem okkur finnst hafa skemmt tilveru okkar.

Munum bara eitt. Reynum að ýta reiðinni frá. Það er miklu farsælla fyrir okkur og ekki má gleyma blessuðu hjartanu okkar.

Skrif mín verða því á jákvæðum nótum og minninga-glefsur úr lífi mínu og þeirra persóna sem ég hef unnið með í gegnum tíðina koma örugglega upp í huga mér.

Á stundu eins og þessari, þegar líða fer að jólum, er gott að hugsa til æskuáranna, því flest okkar eiga góðar og skemmtilegar minningar, sem gaman er að hugsa til. Æskumyndir fyrir augum mér, er ég stand hér hjá ykkur ágætu gestir, koma upp í kollinn

Þið hafið eflaust verið spurð að því þegar þið voruð börn hvað til ætluðu að verða þegar þið yrðuð stór.

Hjá mér stóð ekki á svari, þá fimm ára gamalli tátu. „Ég ætla að vinna í búðinni hans Jez Ziemsen“, sem þá var í Hafnarstræti. Inn í þeirri búð fannst mér tilveran flott og fín og gleymdi mér þar oft. Ég tala nú ekki um Nora Magasín, sem var við hliðina á Hótel Borg...

En, ekkert varð úr þessu þá, því hugur minn breyttist mjög ört og Útvarpið kom inn í líf mitt þegar ég var á 19. ári.

### **Áður langar mig að gera grein fyrir mér í bernsku og æsku.**

Ég var alin upp á Hringbraut 37, í fyrstu tveimur fjölþýlishúsunum, sem byggð voru í Reykjavík á fimmta áratug síðustu aldar, þar sem Björnsbakarí var nr. 35 og Silli og Valdi nr. 49, en húsin tvö, eða blokkirnar eins og við börnin kölluðum þær, voru í milli og fullar af fólki og börnin þar í meirihluta.

Foreldrar mínir, sem komnir voru á fimmtugsaldur og áttu 5 börn fyrir, þegar ég skaut í heiminn, töldu gott að láta tátuna sína á barnaheimili.

Tjarnarborg varð fyrir valinu. Þar voru stundir sem gleymast seint. Við vorum látin læra ótrúlegustu hluti, kurteisi og samband við hvort annað. Vísnaðbókina lærðum við utanað, okkur sagðar sögur, sem fóstrurnar okkar yndislegu sáu um að kenna okkur. Sú sem toppaði þær allar, var hún Elín, fóstran mín, sem ég elskaði af öllu hjarta. (en eiginmaður hennar var Guðmundur J. Guðmundsson, verkalýðsleiðtogi, (ef þið áttið ykkur ekki á henni)

Á Tjarnarborg var undur lífs og leikja. Við sátum í litlum stólum í hring og sungum af hjartans list og frú Þórhildur forstöðukona stjórnaði öllum saman, lék á píanó og lét okkur syngja, Ljósíð kemur langt og mjótt, Hann Tumi fer á fætur, Lati Geiri á Lækjarbakka og fleiri og fleiri lög og vísur.

Þar var líka vel hugsað að andlegu hliðinni hjá okkur, börnunum, sem voru allan daginn frá morgni og fram til kl. 6 og lékum okkur í rólum, vegasöltum og sandkössum. Um miðjan dag vorum við látin hvíla okkur á litlum dýnum með teppi og koddar.

Þabbi, systur mínar og bræður skiptust á að sækja mig. Mest fannst mér gaman þegar Gylfi bróðir koma á hjóli og reiddi mig á

stönginni fyrir framan sig. Já, börnin á Tjarnarborg fengu góðan mat. En eitt var það sem ég gat aldrei borðað í kaffítímanum, það voru klattar eða lummur, sem mér var ómögulegt að koma niður. En þá reddaði sú stutta sér með því að setja klattann undir teygjuna á buxnaskálminni. Oftar en ekki kom ég heim með delluna í buxnaskálminn, var þá búin að gleyma innihaldinu. Í fyrsta skiptið vissi mamma ekki hvaða þetta var, ég sagði henni skömmustuleg frá því, að ég gæti ekki borðað þessa klatta. Mamma sagði eftir nokkra stund og kímdu góðlátlega. Ég segi engum frá þessu, ekki einu sinni þabba.

Í þessum takti leið bernskan og æskan, sem voru svo sterklega tengd umhverfi Hringbrautar, Kirkjugarðinum, Tjörninni, sem var umkringd Tjarnarborg, Kvinnaskólanum, Fríkirkjunni og lðnó, en á þessum stöðum varði ég bernsku, æsku og unglingsárum fram til tvítugsaldurs og myndir þaðan koma skýrt upp í kollinn á mér.

Öll börnin á Hringbrautinni voru send í Melaskóla, glæsilega nýbyggðan skóla, stóran og fallegan. Þar var sami kennari með okkur frá 6 ára og fram til 12 ára aldurs. Börnin sem bjuggu vestan Hringbrautar voru fermd í Fríkirkjunni, þau hin sem bjuggu norðan megin voru fermd í Dómkirkjunni.

Börnin í blokkunum tveimur sem voru á mínum aldri á 6. áratugnum og upp úr, voru sannkölluð kreppubörn. Það er ekki bara kreppa núna.

Í okkar augum var þessi sparsemi eðlileg, það voru engir aukapeningar til, meira að segja voru til þrjár tegundir til af brauði, fannhvítt franskt-brauð, rúgbrauð, í flestum tilfellum seytt og svo normal-brauð, sem var fölt á lit. en það var bara keypt þegar aukapeningur varð til, kannski vegna heitsins á því, „Normal“ og fannst það svolítið flott.

Samheldnin virtist okkur í blóð borin. Ef einhverjum áskotnaðist útlenskt nammi, var því alltaf skipt á milli okkar, og þakka ég það enn þann dag að innleiða það fyrir okkur.

Soðinn fiskur og grjónagrautur var nánast í hvert mál, nema á miðvikudögum, þá var saltkjöt, slátur eða kjötböllum. Á sunnudögum var kjöt og síðar er leið á æsku- og unglingsaldurinn var læri eða hryggur á hádegisborði. Það var toppurinn.

Ég man líka eftir blönduðum ávöxtum í dós, sem komu í búðina, þegar siglt var á Ameríku og þeir borðaðir, en bara á stórhátíðum. Þetta var á sama tíma og kippu-skórnir, sem allar ungar stúlkur reyndu að fá sér, svartir kvenskór með háum hæl, sem skipverjar smygluðu til landsins og runnu svo út eins og heitar lummur. Ég man eftir systur mínum reyna sig á þessum háu hælum og gáfust ekki upp, þótt þær skakklöppuðust á þeim til að byrja með.

Þrátt fyrir þrengsli í íbúðum þess tíma, man ég ekki eftir því að fólk væri að mikið að kvarta, en það stóð saman og hjálpaði hvert öðru ef eitthvað bjátaði á.

Ég efa ekki að krakkarnir í blokkinni hafi verið háværir, en einu skotin sem við fengum var þegar við renndum okkur niður á handriðunum á harðakani, eins og við sögðum, sem okkur þótti mikið sport. Þegar 1. hæðin nálgaðist vorum við svo tekin í karphúsið og skömmuð, því frúrnar á neðstu hæðinni sögðust vera hýsterískar, þegar þær sæju okkur koma á þessari flegiferð. En þetta var svo spennandi, og nótabeni, okkur voru



kenndar kurteisisreglur, við kölluðum þær aldrei kellingar, heldur frúr og svo nafnið þeirra. Það reddaði okkur stundum í þessum kringumstæðum, en í dag skil ég vel þessar elskulegu konur í stigaganginum. fannst það þá furðulegt að þær skildu vera að æsa sig yfir þessum smámunum okkar, að renna sér niður á handriðinu. Á æskuárnum virðist vera regindjúp á hugmyndum barna- og fullorðinna.

Úti-leikir okkar í blokkunum samanstöðu af boltaleikjum, feluleikjum og skautahlaupum. Kirkjugarðurinn við Suðurgötu var ævintýragarður í okkar augum. Þar njósnuðum við um unga elskendur sem flýðu inn í kyrrð garðsins til að kysstast.

Og skautarnir, þá kemur Tjörnir inn í myndina. Nánast allir vetur í bernsku- og æskulífi mínu, miðuðust við tjörnina, þar sem við lékum okkur alla daga eftir skóla á skautum, fórum í kapp, lærðum meira að segja að dansa á skautum hjá yndislegri konu, henni frú Katrínu Viðar, sem lék listir sínar, gerði flottar áttur og allslagt snúninga, sem við stelpurnar dáðumst að.

Hún var þessi góða, skilningsríka kona sem fann fyrir áhuga okkar og kenndi okkar að beita skautunum rétt.

Svo var Hermann Jónasson ráðherra og alþingismaður, sem var ólátur við að draga okkur á treflinum sínum hring eftir hring, þá sögðum við bara við hann, „Hei manni, ráðherra, viltu draga okkur á treflinum þínum“. Hann tók alltaf vel í það.

Þessar skautastundir eru einhverjar þær hlýjustu í huga mér, þó úti væri frost, því lðnó var við tjarnarbakkann, en þangað fórum við inn til að hlýja okkur á tánum, því sokkarnir, voru oft orðnir þröngir og jafnvel gótóttir, og tæmar ískaldar, en konurnar í miðasölunni voru þessa góðu konur, sem skildu okkur svo vel og gáfu þær okkur oft kaffisopa úr brúsunum þeirra. Þetta var líka ógleymanlegt.

Mikil eftirvænting var alltaf, þegar blessuð jólin nálgust. Þá var ævinlega saumað á okkur upp úr gömlum flíkum, en fyrir ein jólin fékk ég pakka, sem í var fallett efni í kjól, á mig, sem enginn annar var búin að vera í.

Ég man þetta eins og það hefði gerst í gær, þegar mamma fór með mig í búð sem hét Exiter, var nærri Skólavörðustígnum og lét yfirdekkja hnappa og belti á þennan fína kjól. Svo fékk ég líka nýja svarta lakkskó, sem fengust í Hvammsbergsbræðrum eða Lárusi G. Lúðvígssyni, eftir langa tíma í biðröð.

Ég man líka eftir því að mamma straujaði allan jólapappírinn og geymdi til næstu jóla. Hver man ekki ilminn af eplunum, sem komu rétt fyrir jólin, jólatrénu á Austurvelli og fallettu jólaskreytingunum í Rammagerðis-glugganum.

Að loknu námi í Melaskóla var ég send Kvennaskólann, sem mér fannst nú mátulega gaman í. Ég hefði viljað frekar vera með strákum í bekk.

Þegar námi í Kvennaskóla lauk, þá var horft augum til lðnó, því um haustið 1959 var auglýst að nýr leiklistarskóli hæfi starfssemi sína þar. Undirrituð sótti um og komst inn. Fyrstu dagana svifu nemendur um, frekar en að ganga, en þar var námið strangt, en þar lærðum við mikið og kennarar af bestu sort, Gísli Halldórsson, Helgi Skúlason, Steindór Hjörleifsson og fleiri góðir kennarar.

Þarna voru tímarnir ógleymanlegir. Skólinn fór allur fram frá kl. 5 til 7 á hverjum degi. Ég í fullri vinnu, sem mér líkaði mjög illa, skrifstofustörfum, sem ég hafði alls engan áhuga á. En stundum skín ljósið beint á mann.

Einn dag í nóvember 1961 var auglýst í Útvarpinu að það vantaði starfsmann á auglýsingadeild Útvarpsins á Skúlagötu og það strax.

Ég sótti um, fékk starfið, sagði upp á gamla staðnum, því breytingar voru þar framundan, guði sé lof. Hætti þar á hádegi og var komin í nýju vinnuna mína kl. þrjú, þannig að ég var atvinnulaus í tvær klukkustundir.

Í útvarpinu starfaði ég svo frá 6. nóvember 1961 til áramóta 2004, utan eins árs í skóla í Bretlandi, samtals 42 ár + árin sem ég hef haldið áfram með Óskastundina, en ég byrjaði með þáttinn 1997, þegar Hermann Ragnars lést, þannig að í heild eru þau orðin 49.

### Góðir gestir.

Á þessum áratugum hef ég kynnst fjölda fólks, bæði skemmtilegu og leiðinlegu, því vart verður við komið að allar manneskjur séu manni að skapi. Í upphafi var starfsfólki innprentað, að segja ekki persónulegar sögur af viðkomandi starfsmönnum, sem kannski lentu í einhverju. Innan veggja Útvarpshússins kom margt fyrir, eins og gerist annars staðar í þjóðfélaginu, enn sumar þeirra sagna eiga bara við meðal starfsmanna sjálfra og í hópi vina innan veggja útvarpsins.

Margir yndislegir persónuleikar voru þar. Jón Magnússon fréttastjóri, Thorolf Smith, Stefán Jónsson, Sigurður Sigurðsson íþróttafréttamaður,

Jón Ásgeirsson, Gunnar Eyþórsson, Margrét Indriðadóttir, Sigríður Árnadóttir, Margrét Jónsdóttir, en Ragnheiður Ásta Pétursdóttir, Jóhannes Árnason, Pétur Pétursson og Jón Múli Árnason urðu lærifeður mínir þar á bæ.

Ekki má gleyma Axel Thorsteinssyni, Þorsteini Ö. Stephensen, Ingibjörgu Þorbergs, Jónasi Jónassyni, sem enn fær til sín gesti föstudagskvöldum samnefndum þætti.

Eins og allir vita var Pétur Pétursson viskubrunnur sagna- og skemmtilegheita. Hann var leikari af Guðs náð og svo fín eftirherma að unun var á að hlýða og gat hermt eftir nánast öllum, körlum og konum.

Á fyrstu árum mínum á Skúlagötu 4 vorum við færri, þannig að tenging okkar varð nánari. Einu sinni kom Axel Thorsteinsson að morgni dags og opnaði fyrir útvarpið og sagði fréttir, en þær hafði hann tekið úr tæki sínu heima hjá sér snemma morguns, frá BBC. Eitt sinn varð hann seinni en venjulega að segja fréttir, sem voru flestar úr sveitum mið-Englands og Skotlands af sauðburði og skepnuhöldum, dálítið einkennilegar en skemmtilegar og fróðlegar. Þegar hann var spurður um hvers vegna hann var svona lengi að segja frá þá sagði hann. Ég gleymdi öllum fréttablöðunum heima og varð að segja þær eftir minni.

Eitt hafði Rás-1 í heiðri, þ.e. að halda í festu, sem mér persónulega þykir gott, því þá veistu á hvaða útvarpsstöð þú ert að hlusta. Þetta hefur því miður breyst mikið í tímans rás. Nú vilja allar rásir vera svo vinsælar og dæla sögnum og sögum í síbylju yfir hlustendur, þannig að mörgum stendur ógn að. Ég veit að ég tala fyrir munn margra hlustenda og þá sérstaklega hinna dyggu hlustenda rásar-eitt.

Frá því allar þessar tölvu-spjallrásir spruttu upp, þá má segja að þeir sem liggja yfir þeim, viti nákvæmlega um gjörðir þeirra, sem skrifa á Fjes-bók, You-tube og hvað þetta nú allt heitir. Allar



upplýsingar eru góðra gjalda verðar, en eitt er víst, hvað mig varðar persónulega, þá hef ég alls engan áhuga á, hvernig fólk eyðir sínum privat-tíma, svo ég sletti nú svolítið, eins og sagt er.

Kannski má segja að vegna starfa minna hjá Rás-eitt, öll þessi ár, hafi ávallt verið takmarkið að segja rétt og satt frá, en ekki á kostnað persóna sem ekki geta svarað fyrir sig.

Það hefur ekki verið stíll rásar-eitt fram til þessa, en auðvitað get ég ekkert sagt um hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnum.

Varðandi starf mitt við Óskastundina, þáttinn sem ég hef umsjón með á föstudagsmorgnum, hef ég haft þann háttinn að þjónusta hlustendur sjálfa og óskir þeirra og þrjár, til kveðja og laga. Kurteisi hef ég sett mér við hlustendur, eins og Jón Múli kenndi mér á sínum tíma, því oft segir fólk mér ýmislegt, sem ég geymi í hugskoti mínu.

Bréfin sem ég fékk eru mörg hver yndisleg og falleg. Símadömunar hjá RÚV segja mér að engin fái svona fallega skrifuð bréf. Fyrir það er ég mjög þakklát, því þau geyma margt fróðlegt.

Með tilkomu tölvupóstisins fær þátturinn sendar margar fyrirspurnir um lög og texta og ýmislegt sem hefur verið á dagskránni. Það er sannarlega gaman að hjálpa fólkinu og finna handa því það sem það langar að hlusta á.

Nú... Með nýjustu tækni getum við afritað gamlar plötur og lagað hljóðið í þeim.....Hjá stofnun eins og Útvarpi og sjónvarpi felst mikið í þjónustulund hvers og eins og þá er mér hugsað til vina minna á tæknisviðinu. Þeir eru flestir hverjir, sannir galdramenn á því sviði, nákvæmir, vandvirkir og tónvissir og sérlega flinkir. Vinna við þáttinn minn byggist mjög á vinnu þeirra, því við verðum að gæta klukkunnar í hvívetna. Ég nefni hér nokkra, Hrein Valdimarsson, Georg Magnússon, Magnús Þorstein Magnússon, Hjört Svavarsson og Ólaf Thoroddsen.

Þessir sómamenn eru eru kjölfesta þáttanna, sem búnir eru til. Ég lít á mig sem starfsmann, sem hlustendur geta leitað til og þess vegna held ég að þeir, sem vinni með þessa hugsjón í hjarta sér, séu svona lengi í starfi, sem raun ber vitni. Það væri að æra óstöðugan að vinna við nákvæmisverk, ef þjónustulund væri ekki til staðar.

### **Til að svikja ykkur ekki með sögur af starfsfólki eru hér nokkrar frá Skúla- árunum,**

Ein góð vinkona mín á tónlistardeild, Else Snorrason var mikill húmoristi og sagði vel frá: Eitt sinn var hún í partí hjá einum starfsmanna Útvarpsins. Þar kom til hennar lítill drengur húsráðanda og bauð henni konfekt. Elsu sem sem þótti gott að fá sér konfekt, horfði á skálina, langaði í mola, en stillti sig og sagði svo við litla drenginn: Elskan, Takk, takk, en... sama og þegið. Litlu síðar kemur stráksi aftur til hennar og stillir sér fyrir framan hana og horfir á hana mjög alvarlegur, en segir svo: Þegiðu sjálf, og fór snöggt í burtu.

Önnur lítil orsaga: Það kom fyrir á föstudagseftirmiðdögum, að sendlar Útvarpsins, voru sendur í Ríkið við Lindargötu, að kaupa vín fyrir ýmsa góða starfsmenn. Ein konan þar, mjög fín og þjöttuð sagði alltaf við sendisveininn stundarhátt. Æ, Óli minn, færu með einn hálfvita með ginbragði, átti hún þá við pela af gini, hún kunni ekki við að fara sjálf

### **Svo ein pínulítið andstyggileg:**

Frá kl. 18 til 22 á kvöld voru starfsmenn sem svöruðu í síma og tóku við tilkynningum sem oftast voru til útsendingar.

Einn starfsmanna útvarps plataði nýjan starfsmann og hringdi í hann og sagði: Þetta er á vitamálaskrifstofunni. Viljið þér taka tilkynningu til þular.

„Frá Vitamálastjóra. Stafnesviti hefur færst úr stað. Viðgerð stendur yfir. Nánari upplýsingar að viðgerð lokinni. – Vitamálastjóri –“

Aumingja nýi starfsmaðurinn skrifaði þetta niður í hvelli og læddist inn til þular og setti miðann fyrir framan hann. Þulur leit á, en var fljótur að fatta, og kynnti næsta dagskrárlið, þannig að ekki varð slys.

Stúlkumar á auglýsingadeildinni á Skúlagötunni, unnu á vöktum, þannig að allt mitt starf síðar meir í Útvarpinu, miðaðist við vaktir. Þangað komu viðskiptavinir og staðgreiddu auglýsingar sínar, sem við hraðrituðum og fórum með í bunkum upp á 6. hæð til þulanna, sem lásu og lásu. Jóhannes Arason, kallaði alltaf auglýsingabúkanna þverhandar-þykka og þá einkum þegar jólatíðin hófst.

Þetta var ekkert í líkingu við það sem er í dag, með allri tölvutækninni.

Við notuðum kalkipappír og margfölduðum auglýsingablöðin, þannig að hver auglýsing hafði sitt blað. Nú er þetta allt sett í tölvur og prentað út. Eina sem starfsfólkið þarf að gera er að koma með blöðin til þulanna á rás eitt, en þá þurftu við að sundurliða allan bunkann, setja svo saman, telja hvert hvert einasta orð í reiknivél, upp á gamla mátann, til að mæla hversu langan tíma það tæki að lesa, setja í bunka og stökkva svo upp á 6. hæð og láta þetta í hendur þula

Eitt það skemmtilegasta sem þulir gerðu og gera enn er að lesa jólakveðjur. Það var eitthvað sem aldrei gleymist, því nærveran við hlustendur var svo sannarlega á réttum stað. Þegar hætt er margra áratuga starfi, verður t.d. jólakveðjulestur það, sem ég sakna hvað mest. Þegar ég hætti endanlega um síðustu áramót, var ég beðin að lesa jólakveðjur með þulum Rásar-1 og hlakka ég til.

Hvað þularstarfið áhrærir, var enginn betri til þess en Jón Múli Árnason. Hann sagði við mig. „Sama hvað gengur á Gerður mín, hvort einhver hafi reitt þig til reiði, eða jafnvel sagt eitthvað leiðinlegt, láttu það aldrei koma niður á lestrinum. Hugsaðu með hlýju og kurteisi til hlustandans. Það er hann sem þú er að tala við, Svo einfalt er nú það.“

Góðir gestir og heimilismenn. Ykkur finnst ég ef til vill leiðinleg að hafa ekki sagt ykkur mergjaðri sögur úr starfi mínu. Ég vona að þið virðið það það við mig, en aðgát skal höfð í nærveru sálar. Það á ekki hvað síst við á þessum viðkvæmu og viðsjálfverðu tímum sem við lifum á í dag. Ekki nóg með hrúnið, heldur er náttúran að sýna sig, svo um munar. Ef ekki jarðskjálfta, þá eldgos og ösku, sem ógnar flugi í háloftunum í Evrópu.

Ég þakka ykkur fyrir að lesa þetta spjall mitt og óska ykkur öllum innilegrar aðventu og að ykkur líði sem best að Íslendingar njóti þess að búa saman hér í sátt og samlyndi.

– Takk fyrir mig –

# Stiklur

## Ofvitar þjóðarinnar, jarðtengist nú þegar



Íslensk list hefur löngum haft það háleita markmið að skapa fæði og klæði, í og á þjóðarskrokanna.

Nú ríður á að þetta takist loksins, það eru þúsunda manns atvinnulausir um þessar mundir.

Listsköpun félli þá undir fyrirbærið í ísl.atvinnuumræðu sem kallast „eitthvað annað“ og er þá átt við eitthvað annað en „stóriðju“.

Þetta er og verður verðugt og göfugt verkefni fyrir ofvitanna okkar.

Þau mega bara ekki gleyma sér í Kiljanískri þrætubókar gerð.

Því þrætubækur verða ekki í askanna látinn.

Halldór Kiljan skilgreindi þessa iðju sem mjög skemmtilega og mikla andans íþrótt, og dundaði oft við hana sjálfur, þegar honum leiddist önnur list.

Akademísku elítan, listamenn og aðrir ofvitar þjóðarinnar þurfa nú frekar en löngum áður verða að gagni fyrir ísl. atvinnuuppbyggingu og steinhætta að leggja steina í götu nýtingar mannauðs og auðlinda Íslands.

Núna þarf að spyrja þetta önnurkafna fólk á listamanna og verðlaunum, hvort aðstæður nú krefji það ekki um að finna einhverja aðra þrætubók, því nú þarf að framleiða og framleiða gjalddeyri.

Þrátt fyrir að þessir snillingar hafi um langan tíma álitnið að hlutverk þess væri að vitvæða þjóðina, þá sérstaklega heimsfræga orkuverfræðinga og vísindamenn okkar Íslendinga, veit þetta fólk ekki enn hvort kom á undan, hænán eða eggjð frekar en við hin

Spurning stóra er hvar finnum við þetta „annað“ fyrir okkar unga og velmenntaða fólk?.



## Helg verða jól

## Er nokkuð á því að græða að ræða þetta frekar Ögmundur?

## Ég verð að fara að baka og ræða eitthvað annað en um tómt tjón, fyrir jólin kære ven.





# Tilvistar- kreppa íslenskra stjórn mála

**Tilvistarkreppa íslenskra stjórn mála var og er m.a. sú að forystumenn sjá ekkert annað en vandamál, tala aðeins um vandamál. Það má ætla að þá dreymi líka um vandamál, sem sagt þrífast á að skapa vandamál.**

Jafnvel þeir sem fremstir eru meðal jafningja í stjórn málaelítunni muna ekki stundinni lengur, eftir að þeir eru komnir inn á Alþingi, að erindi þeirra þangað var að leysa úr flækjum mannlífsins, en ekki að flækja það frekar.

Í Guðanna bænum hættið þessu væli þingmenn góðir og vænir, brettið upp ermar og komið ykkur að verki og verið ekki þær mýslur sem raun ber vitni.

Þingmenn eiga ekki vera svo einfaldir að halda að okkar ofalda bankakerfi sem stjórnvöld tryggja bæði með axlaböndum og belti gegn hagsmunum almennings, vinni að raunhæfum aðgerðum til að lámárka skaðann sem bankarnir og ríkisvaldið hafa valdið þjóðinni. Hér þarf valdboð stjórnvalda á sama hátt þau beitta hinn almenna mann valdboðum til hægri og vinstri síðustu ár, svo sem eldri borgara í skatta og tryggingarmálum.

RÍKISSTJÓRNIN virðist ekki hafa áttað sig á að bankarnir keyrðu sig í þrot og settu heimsmet í glannaskap með óbeinni hjálp stjórnvalda með athafnaleysi sem dró ísl. efnahag niður að feigðarfeni. Evran rúmlega tvöfaldaðist verði, þetta var ekki venjuleg gengisfelling og eða verðbólguþróun. Þetta var gjaldþrot bankakerfis með ríkulegri aðstoð og frumkvæðis stjórnvalda sem í framhaldi á og verður að skila lánakjörum til baka að upphaflegum forsendum.

Ofangreind rök voru notuð fyrir setningu neyðarlaganna þar sem innistæður, ótakmarkaðar, voru tryggðar af ríkissjóði.

Spurningin sem Velferðarráðherra verður að svara er hvort Neyðarlögin leiði ekki af sér það andlag að óeðlileg hækkun skulda vegna hrunsins skuli greidd af sama tryggingarsjóði ríkisins.

Reglur stjórnarskrár um jafna stöðu fólksins setja skorður á hve langt má ganga í mismunum.

Sérhagsmuna potið heldur áfram eins og ekkert hafi breyst, nýja Ísland er fjarlæg draumsýn. Stjórn málaelítan þarfnast endurhæfingar það er ljóst.

Væl í bændum og fólki í barneign er nægilegt til að brjóta á bak aftur ætlaðan niðurskurð og sparnað.

Það er fæðingarorlof unga fólksins, gardyrkjubændur,

dúntekjumenn og fjárbændur sem væla og hefur vakið þingmenn til ódáða og vitleysisverka, en athugasemdir 28 þúsund eldri borgara um víðtækar kjaraskerðingar og eignarupptöku er slett af ennum unglinganna á Alþingi sem ómerkilegum svita í hita leikritanna í þessu leikhúsi fáránleikans.

Gamla fólkíð segir sjálfsagt eins og Sveik sagði eftir dauðadóminn „ef þarf að hengja mig til að koma á aga í hernum, þá verður að hengja mig“ og hefur ekki frammi hefðbundin þrýsting innvígðra vælista.

Hvað ræður? sennilega tónhæð vælsins og gamlar grónar venjur. Þingmenn hafa ekkert lært.

Íslendingar hafa ávalt að teft á tæp vöð, við verðum að stóla á góðar afurðir og vænlega markaði, þessa höfum við alltaf þurft og munum þurfa. Við verðum fyrst og síðast að stóla á okkur sjálf það höfum við alltaf þurft og munum áfram þurfa.

Auðvita eru - þúkarnir á fjósbitanum margir og vissulega er erfitt fyrir okkur að kveða fólin niður en það verður við að gera til að standa undir nafni. Við þökkum hinsvegar forsjóninni fyrir að hafa átt djarfa frumkvöðla, og því að við búum Ísland, við búum við verðmæti og við eigum öryggi. Jóhannes úr Kötlum lætur landið fá mál við svipaðar aðstæður og segir;

***Og ég reis upp úr rúst þeirrar ráðlausu borgar, er féll.***

***Og hin dagelska sól skein á dauðblakka þúst og brá dýrðulegum roða yfir fell.***

***Og ég gekk upp á hæðina hljóður og sæll, mér var horfin öll iðrun og sorg,***

***og sem herra míns lífs, en ei hégómans þræll, lagði ég hornstein að annarri borg.***

Munið þó að við vorum dæmd til að þurfa að streita í sveita okkar andlits í náttúrunni og með erfiði af henni að nærast alla okkar erfiðu lífdaga samkv. fyrstu Móses bók, því er erfitt að breyta, síst af öllu hér á Íslandi, því miður.

Vonandi fáum við að upplifa stjórn málamenn og konur á Alþingi við Austurvöll að loknum komandi kosningum, eftir sandkassaleiki síðustu ára, sem kunna að greina hinn daglega vanda, kunna samræðulist stjórn mála.

# Ellilífeyrislaun Almannatrygginga 2011

Ár	Fjöldi ellilífeyrisþega	Sama Sjómenn	Breyting á fjölda lífeyrisþega	Íbúafjöldi 67 ára og eldri	Breyting íb.fjölda 67 ára og eldri	Hlutfall Lífeyrisþega af íb.fjölda 67+	Hlutfall 67+ af heildar íbúafjölda
2005	26.666	26	1%	31.226	1,2%	85,4%	10,4%
2006	26.913	25	0,9%	31.665	1,4%	85,0%	10,3%
2007	27.367	30	1,7%	32.024	1,1%	85,5%	10,2%
2008	27.881	44	1,9%	32.408	1,2%	86,0%	10,1%
2009	25.230	36	-9,5%	33.110	2,2%	76,2%	10,4%
2010	25.072	41	-0,6%	33.883	2,3%	74,0%	10,6%
2011	26.248	45	4,7%	34.812	2,7%	75,4%	10,9%

**Skýringar:** Taflan sýnir fjölda lífeyrislaunþega sem fá greiðslu í desember ár hvert, þar með taldir þeir sem búsettir eru erlendis. Að jafnaði hefur fjöldi lífeyrisþega almannatrygginga verið heldur lægri en fjöldi 67+ í landinu og eru helstu skýringar að tekjur viðkomandi eru yfir þeim mörkum sem ákveðin hafa verið sem réttindamörk, og ef ellilífeyrisþegi dvelur lengur en mánuð samfleytt á sjúkrahúsi, sem er á föstum fjárlögum, lífeyrir og tengdar bætur falla niður ef dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á vístrými er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Taflan sýnir einnig þá fækkun lífeyrislaunþega sem varð í kjölfari þeirra skerðinga sem ákveðnar voru fyrsta júlí 2009. Um 13 þúsund manns eru ekki með í þessu kerfi þrátt fyrir iðgjöld alla sína starfsæfi.

		2011	2010
Ellilífeyrir 67 ára og eldri .....	kr	9.392.823.427	8.018.872.581
Ellilífeyrir sjómanna .....	kr	18.260.999	14.854.522
Eingreiðsla til ellilífeyrisþega .....	kr	1.301.477.695	
	kr	10.712.562.121	8.033.727.10

## Tekjutrygging ellilífeyrisþega

Tekjutrygging ellilífeyrisþega hækkaði um 36,6% á milli árána 2010 og 2011 sem svarar til 4.987,9 m.kr. meðalfjöldi bótaþega var á árinu 2011 23.717 í samanburði við 21.468 á fyrra ári sem er fjölgun um 2.249 eða 10,5%. megin skýringar á auknum útgjöldum eru hækkaðar bætur í tengslum við kjarasamninga og aukinn bótaréttur þar sem aðrar tekjur lífeyrisþega hafa lækkað.

		2011	2010
Tekjutrygging ellilífeyris .....	kr	17.639.708.812	13.124.883.57
Tekjutrygging ellilífeyris sjómanna .....	kr		(20.840)
Orlofsuppbót á tekjutryggingu ellilífeyris .....	kr	383.467.712	205.236.720
Desemberuppbót á tekjutryggingu ellilífeyris .....	kr	598.873.068	304.001.671
	kr	18.622.049.592	13.634.101.123



Lífeyrissjóðs laun á mánuði	Lífeyrislaun Almannatrygginga	Tekjutrygging	Heimilisuppbót	Heildar greiðslur Almannatrygginga.
..70.000	31.667	86.429	25.471	143.567
..80.000	31.667	81.929	24.145	137.741
90.000	31.667	77.429	22.819	131.915
100.000	31.667	72.929	21.493	126.089
110.000	31.667	68.429	20.167	120.263
120.000	31.667	63.929	18.841	114.437
130.000	31.667	59.429	17.515	108.611
140.000	31.667	54.929	16.189	102.785
150.000	31.667	50.429	14.863	96.529
160.000	31.667	45.929	13.537	91.133
170.000	31.667	41.429	12.211	85.307
180.000	31.667	36.929	10.885	79.481
190.000	31.667	32.429	9.559	73.655
200.000	31.667	27.929	8.233	67.829
210.000	31.667	23.429	6.907	62.003
220.000	30.317	20.279	5.581	56.177
230.000	27.817	18.279	4.255	50.351
240.000	25.317	16.279	2.929	44.525
250.000	22.817	14.279	1.603	38.699
260.000	20.317	12.279	277	32.873
270.000	17.817	10.279	0	28.096
280.000	15.317	8.279	0	23.596
290.000	12.817	6.279	0	19.096
300.000	10.317	4.279	0	14.596
310.000	7.817	2.279	0	10.096
320.000	5.317	279	0	5.596
330.000	2.817	0	0	2.817
340.000	317	0	0	317
350.000	0	0	0	0

**Skýringar:** Þessi tafla byrjar við 70 þús.kr. lífeyrissjóðslaun eða aðrar tekjur. Lífeyrislaunþegar eru 26,293 í des. 2011. Heildarfjöldi þeirra sem fá óskertar lífeyrislaunagreiðslur í des. 2011 frá Tryggingarstofnun er 81,9% eða 21,542 af 34,812 manns, upphæð þeirra fer eftir öðrum launum eins og fram kemur töflunni. Óskerta tekjutryggingu fengu 3,4% eða 897 og 1,1% heimilisuppbót. Skerta tekjutryggingu fengu 23,571 manns.

Ellilífeyrir hækkaði um 33,3% milli árunna 2010 og 2011 sem svarar til 2.678,8 m.kr. Meðalfjöldi bótaþega á árinu 2011 var 26.125 í samanburði við 24.960 á fyrra ári sem er fjölgun um 1.165 eða um 4,7%. Megin skýringar á auknum útgjöldum eru hækkaðar bætur í tengslum við kjarasamninga. 50 þús.kr eingreiðsla í júní og aukin bótaréttur þar sem aðrar tekjur lífeyrisþega hafa lækkað.

# Markmið Reykjavíkurborgar í málefnum aldraðra

## Tillaga 2012

### Forvarnir

Reykjavíkurborg leggur áherslu á forvarnir í málefnum eldri borgara. Með öflugum forvörum er hægt að bæta lífi við árin og stuðla að virkni og heilbrigði eldri borgara. Með því að gera reglulegar kannanir á högum og viðhorfum aldraðra, tryggja gott aðgengi að upplýsingum og þjónustu er hægt að stuðla að í samfélaginu séu fjölbreytileg tækifæri fyrir aldraða til hreyfingar, frístundaíðkunar, menntunar, sjálfbóðaliðastarfa og iðju.

### Gæði og samráð

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að hafa gæðaviðmið fyrir þjónustu sem tryggir eftirlit og eflir gæði. Jafnframt er lögð áhersla aðgengi að þjónustu fyrir eldri borgara sé einfalt og heildarsýn á þörfum höfð að leiðarljósi. Faglegt mat liggja til grundvallar þjónustu og veitt sé þjónusta til þeirra sem á þurfa að halda á hverjum tíma. Til að tryggja jafnræði skal fagleg þarfagreining liggja til grundvallar úthlutunum á þjónustu. Samráð verði haft við aldraða, háskólasamfélagið og starfsfólk um þróun þjónustunnar. Fólk sem fætt er 1950 verður 80 ára árið 2030 hvaða þjónustu vill sá hópur sjá fyrir sig?

### Stuðningur og aðstoð inn á heimilum

Stuðningur og aðstoð inn á heimilum aldraðra skal veitt af fagmennsku, ábyrgð og virðingu og á þeim tíma sem þörf er á. Taka skal mið af aðstæðum hverju sinni og þjónusta veitt alla daga ársins allan sólarhringinn með sveigjanleika og öryggi að leiðarljósi. Þegar þjónusta er þörf skal hún veitt af fagmennsku, ábyrgð og virðingu fyrir vilja og ákvörðunum notandans.

### Húsnæði

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að aldraðir upplifi sig örugga á heimilum sínum og að þörfum þeirra fyrir þjónustu sé mætt þar eða úti í samfélaginu, sé þess nokkur kostur. Ekki er ætlast til að aldraðir þurfi að flytja búferlum til að fá grunnþjónustu. Því er mikilvægt að aldraðir eigi raunverulegan valkost á hentugu húsnæði og búsetuþjónustu. Þeir sem þurfa meiri þjónustu en unnt er að veita í heimahús, þ.e. sérhæfða sólarhringsþjónustu skv. vistunarmati skal tryggt hjúkrunarrými innan þriggja mánaða.

Hjúkrunarheimili, þjónustuíbúðir, öryggisíbúðir.

### Heilbrigðisþjónusta

Öll nærþjónusta verði á hendi Reykjavíkurborgar þar með talin heilsugæsla. Heilbrigðisþjónusta á vegum borgarinnar á að einkennast af gæðum, markvæsi og geta mætt breytilegum þörfum íbúa fyrir umönnun og meðferð. Reykjavíkurborg er ábyrg fyrir því veita heilbrigðisþjónustu með hæfðu hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum sem geta tekist á við að þjónusta fólk í hinum ýmsu búsetuformum. Þjónustan á eining að taka mið af forvörum og endurhæfingu.



# Samtök aldraðra 40 ára þann 29 mars næstkomandi

Þann 14. mars 1973 var haldin fundur fimm valinkunnra einstaklinga um hvort ekki væri brýnt að stofna hagsmunasamtök eldri borgara. Fundargerð þessa fundar er fyrsta skráða fundargerð Samtaka aldraðra, en til grundvallar fundinum lágu fyrir undirskriftarlistar áhugasamra um málið. Stofnfundurinn var síðan haldinn í Glæsibæ þann 29. mars 1973 og fyrsti aðalfundur þann 6. júní 1973. Stofnfélagar voru 450. Fyrsti formaður var kjörinn Auðun Hermannsson. Það var sem sagt fyrir tæpum 40 árum að framsýnir hugsjónarmenn í Reykjavík stofnuðu Samtök aldraðra og gerðu þar með hagsmunagæslu fyrir eldri borgara að verkefni sínu, í víðasta skilningi. Tilgangur félagsins var greindur í fimm liði;

1. Stuðla að byggingu hentugra íbúða fyrir aldraða. Stjórn skipar byggingarnefnd.
2. Vinna að aukningu á sjúkrarýmum fyrir aldraða sem þurfa hjúkrunar við.
3. Stuðla að bættri þjónustu hins opinbera við aldraða í heimahúsum.
4. Stuðla að samvinnu við hliðstæð félög innlend og erlend.
5. Vinna gegn því að öldruðum sé íþyngt með óeðlilegum skattaálgögum.

Mér sýnist á fyrstu fundargerðum samtakanna að margbreytilegt samstarf við Reykjavíkurborg hafi hafist fljótlega, eitt leiddi að öðru, því næg voru verkefnin. Má þar nefn stofnun Múlabæjar og stofnun dagvistar heimilis fyrir heilabilaða ásamt fleiri velgjörðaraðilum. DAS hafði með sýnu 17 ára stríði frá 1939 þar til 1957 lagt fram staðlanna hvernig búa skyldi um fólk á dvalar og hjúkrunarheimilum framtíðar. Elliheimilisformið, með sviptingu sjálfstæðis og sjálfræðis, eða verða hornreka og íþyngjandi á heimilum barna sinna var ekki lengur bjóðandi eldri borgurum sjálfstæðrar þjóðar, því nú varð mönnum orðið endanlega ljóst að bjóða yrði eldri borgurum upp á búsetukosti sem hæfðu þörfum þeirra og ekki síst sjálfsvirðingu á ævikvöldi.

Hrafnista tók til starfa á sjómannadaginn 2. júní 1957 í Reykjavík. Heimilið var byggt fyrir forgöngu stéttarféлага sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Næsti áfangi DAS var heimilið Hafnarfirði sem tekið var í notkun 1977, þriðji stór áfanginn var tekin í notkun í Boðþingi Kópavogi. Hreinn og tær kraftaverka áfangi í gæðum og öllu athvarfi.

Félagar okkar í Sléttuvegshverfinu biða óþreyjufull eftir fjórða stór áfanga DAS sem er list í myndum og máli í þessu fréttabréfi og framkvæmdir hefjast við, á komandi vori.

Það var 1976 sem fyrst var stofnuð sérstök nefnd á vegum Reykjavíkurborgar til að standa fyrir auknum byggingarframkvæmdum á vegum borgarinnar í þágu aldraðra.

Þrátt fyrir fyrri framkvæmdir, var ljóst árið 1982 að þær framkvæmdir myndu lítt duga og meiri framkvæmdahraði

varð að koma til með samvinnu fleiri aðila. Því var það að byggingarnefnd aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar auglýsti eftir samstarfsaðilum um frekari framkvæmdir. Upp úr því hófst svo mjög árangursríkt samstarf við Samtök aldraðra og verktakafyrirtækið Ármannsfell með þeim árangri að reist voru fjögur hús með sérstökum íbúðum fyrir aldraða í Bólstaðahlíð, við Dalbraut, Aflagranda og Sléttuveg, þar sem borgin hefur lagt til þjónustuaðstöðu, en Samtökin séð um alla framkvæmd að öðru leyti. Markmiðið að „allir búi heima sem lengst“ hentar auðvitað ekki öllum, því til að einstaklingur geti búið heima þarf að vera hægt að tryggja öryggi hans. Þetta öryggi byggir á samspili margra þátta og þjónustukerfa. Samkvæmt framreikningi verða Íslendingar, tæp 330.000 árið 2020 og rúmlega 360.000 árið 2040. Niðurstöður framreikningsins benda til þess að fólki á ellilífeyrisaldri, 67 ára og eldri, komi til með að fjölga mikið á næstu áratugum og verður heildarfjöldi þeirra árið 2030 um 59.000, eða um tvöfalt fleiri en nú. Aldraðir eru ekki samlitir stór hópur heldur ólíkir einstaklingar með þrjátíu ára aldursbili, með ólíkan bakgrunn, ólíkar þarfir og mismunandi lífsviðhorf. Megin hugmyndin er að aldraðir búi í húsnæði sem falli að þeirra þörfum og stuðli að sjálfstæði þeirra í stað stofnanavistar.

Þegar litið er til framtíðar í málefnum aldraðra er heildarsýn mikilvæg. Hverjar eiga megináherslur að vera? Og ekki síst, hvað vilja aldraðir sjálfir?


## Byggingarframkvæmdir fram til þessa eru;

1. Akraland 1 og 3 samtals 14 íbúðir afhentar 1984. Ekki vitað um meðalaldur.
2. Bólstaðarhlíð 41 og 45 samtals 65 íbúðir afhentar 1986 og 1987. Meðalaldur nú 83,38 ár
3. Dalbraut 18 og 20 samtals 47 íbúðir afhentar 1987. Meðalaldur nú 85,43 ár
4. Aflagrandi 40 samtals 60 íbúðir afhentar 1989. Meðalaldur nú 84,65 ár
5. Sléttuvegur 11 og 13 samtals 51 íbúðir afhentar 1992. Meðalaldur nú 84,89 ár
6. Dalbraut 16 samtals 23 íbúðir afhentar 1999. Meðalaldur nú 80,60 ár
7. Dalbraut 14 samtals 27 íbúðir afhentar 2003. Meðalaldur nú 82,95 ár
8. Sléttuvegur 19 – 23 samtals 70 íbúðir afhentar 2007. Meðalaldur nú 81,00 ár
9. Sléttuvegur 29-31 samtals 58 íbúðir sem afhentar í upphafi árs 2011. Meðalaldur nú 75,85 ár. Í allt eru þetta 415 íbúðir.

Til fróðleiks skal þess getið að það eru aðeins 10 íbúar Sléttuvegur 29-31 eru undir 67 ára aldri, sem sýnir að mínu mati að við bregðumst of seint við komu ævikvölds og aftanskins.

EGJ.


# Íbúðir til sölu



## Sléttuvegur 13 - íbúð 0204

- 2ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-04 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla, 5,5 m<sup>2</sup>, er á sömu hæð og íbúðin.
- Á stofu, eldhúsi og svefnherbergi er eikarparket. Vinyl öryggisdúkur á baðherbergi. Korkflísar á geymslu.
- Eldhúsinnrétting: Sýnilegir fletir eru plastlagðir. Hurðir og skúffur eru kantlímdar með beyki. Flísalagt er milli skápa.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð og vifta frá Scholtes. Uppþvottavél og ískápur fylgja með.
- Veggir í baðherbergi eru flísalagðir að lofti. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Svölum er lokað að hálfu með gleri í álstoðum. Gólfíð er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.


**Framreiknað verð er kr. 22.120.000,-.**



## Sléttuvegur 13 - íbúð 0103

- 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-03 er til sölu. Íbúðin er 84,8 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla, 5,5 m<sup>2</sup>, er á sömu hæð og íbúðin. Íbúðin er nýmáluð.
- Á stofu og gangi er eikarparket. Á svefnherbergi og eldhúsi er korkflísar.
- Á gólfi baðherbergis er öryggisvinyldúkur. Teppi á herbergi. Plastparket á geymslu.
- Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímdar með beyki.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vifta frá Scholtes. Uppþvottavél frá Siemens.
- Veggir í baðherbergi eru flísalagðir. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Sturtuhorn er úr áli og hertu gleri. Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi.
- Svölum er lokað að hluta með gleri í álstoðum. Svalagólf er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.
- Heitur pottur og leikfimisrímlar eru á 1. hæð.

**Framreiknað verð er kr. 25.870.000,-.**



## Sléttuvegur 13 - íbúð 0405

- 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, merkt 04-05 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla, 5,5 m<sup>2</sup>, er á sömu hæð og íbúðin.
- Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Korkflísar eru á svefnherbergi.
- Á gólfi baðherbergis og geymslu er vinyldúkur.
- Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir eru kantlímdar með beyki.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vifta af gerðinni Scholtes. Allt upprunalegt.

- Veggir í baðherbergi eru með vinyldúk.  
Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Sturtuklefi er úr áli og plastgleri.  
Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er á 1. hæð.
- Svölum er lokað að hálfu með gleri í álstoðum.  
Gólf er með grasteppi.
- Glæsilegt útsýni í suður og vestur.

**Framreiknað verð er kr. 21.910.000,-.**

#### **Dalbraut 20 - íbúð 0501**

- 3ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-01 er til sölu.  
Íbúðin er 76,1 m<sup>2</sup>.
- Geymsla eru innan íbúðar og í kjallara.
- Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, herbergi og gangi er eikarparket.  
Vinyldúkur á baði.
- Parketið er lagt í fiskibeinamunstur. Þarfnast lagfæringar.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug.  
Veggir eru klæddir með veggdúk.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Rafha vifta.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.
- Gott útsýni er úr íbúðinni.

**Framreiknað verð er kr 26.840.000,-.**

#### **Dalbraut 18 - íbúð 0203**

- 2ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-03 er til sölu. Íbúðin er 64,5 m<sup>2</sup>.
- Geymsla eru innan íbúðar.  
Geymsla er einnig í kjallara ca. 6,8 m<sup>2</sup>.
- Nýlegt harðparket með kirsuberjaáferð er á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi.
- Öryggisvinyldúkur er á baði. Korkflísar á geymslu.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum.
- Innihurðir eru spónlagðar með beyki spæni.
- Á baðherbergisveggjum er vinyldúkur.  
Handlaug er innbyggð í borðplötu.
- Tengir er fyrir þvottavél á baði.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.
- Sameiginleg setustofa er á hæðinni.

**Framreiknað verð er kr. 22.650.000,-.**

#### **Bólstaðarhlíð 41 - íbúð 0304**

- 3ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-04 er til sölu.  
Íbúðin er 85,4 m<sup>2</sup>.
- Geymsla er innan íbúðar.
- Á stofu, herbergi, eldhúsi og gangi eru korkflísar.  
Beykiparket á svefnherbergi. Vinyldúkur á baði og geymslu.
- Eldhúsinnrétting var nýlega endurnýjum. Neðri skápar eru með skúffum á brautum. Bakaraofn í góðri vinnuhæð.  
Flísar milli skápa. Öll tæki endurnýjuð.
- Veggir baðherbergis eru flísalagður í 2m. hæð.  
Handlaug er innbyggð í innréttingu.
- Gert er ráð fyrir þvottavél í baðherbergi.
- Sturtuklefi sem nýr úr hertu gleri og áli.






- Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir.
- Svalir eru lokaðar af með einingum frá Gluggum & Garðhúsum.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð er kr. 27.440.000,-**

#### **Bólstaðarhlíð 45 íbúð 0102**

- 2ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-02 ásamt bílskúr er til sölu. Íbúðin er 42,9 m<sup>2</sup> og
- bílskúr um 23 m<sup>2</sup> Sérgeymsla er á sameiginlegum gangi 1. hæð.
- Á stofu og svefnherbergi er harðparket. Á eldhúsi eru korkflísar. Leirflísar á baði og fyrir framan innganghurð.
- Eldhúsinnrétting er nýleg. Borðplötur úr beyki.
- Handlaug er innbyggð í innréttingu. Sturtuklefi úr áli og gleri.
- Svölum er lokað með einingum frá Gluggum & Garðhúsum
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

**Framreiknað verð íbúð + bílskúr er kr. 21.140.000,-**



#### **Sléttuvegur 11, íbúð 105**

- 2ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-05 er til sölu. Íbúðin er 69,6 m<sup>2</sup>.
- Sérgeymsla, 5,5 m<sup>2</sup>, er á sömu hæð og íbúðin. Íbúðin er mikið endurnýjuð.
- Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi er nýtt eikarparket. Á baðherbergi er nýr vinyldúkur.
- Allir sýnilegir fletir í eldhúsi eru plastlagðir. Hurðir er kantlímðar með beyki. Yfirkápar ná að lofti.
- Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki.
- Í eldhúsi er keramik helluborð, bakaraofn og vífta af gerðinni Scholtes.
- Nýr vinylveggdúkur á veggjum í baðherbergi. Handlaug í baðherbergi er innbyggð í innréttingu.
- Nýr sturtuklefi úr hertu gleri og áli. Ný hitastýrð blöndunartæki í sturtu.
- Tengimöguleiki er fyrir þvottavél á baðherbergi.
- Ný gluggatjöld og gardínukappar í stofu og eldhúsi.
- Svölum er lokað að hálfu með gleri í álstoðum. Á gólfi eru nýjar flísar.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

**Framreiknað verð er kr. 23.800.000,-**



#### **Dalbraut 20 - íbúð 0305**

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-05 er til sölu. Íbúðin er 52,0 m<sup>2</sup>.
- Geymsla er í kjallara 6,7 m<sup>2</sup>.
- Búið er að opna geysluna sem er innan íbúðar fram á gang. Nýttist t.d. sem tölvukrókur.
- Korkflísar eru á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og geyslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímðum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn er úr áli og hertu gleri.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Rafha vífta.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

**Framreiknað verð er kr. 19.380.000,-**

**Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu samtakanna. Sími 552-6410.**

Afhending  
í ágúst 2013

60 ára og eldri

Glæsilegt hús  
byggt af traustum verktökum  
í samstarfi við Samtök aldraða



# Kópavogstún 2 - 4

- 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- 88-195 fm íbúðir
- Frábært útsýni, góð staðsetning



Nánari upplýsingar veitir

**Ólafur Finnbogason**, Sölufulltrúi

olafur@miklaborg.is sími: : 822 2307

VERÐ FRÁ: **28,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



**ATAFL**

# **GÆÐI Í VERKI BYGGÐ Á ÁRATUGA REYNSLU**

Atafl ehf er öflugt alhliða verktakafyrirtæki sem býr yfir viðurkenndri sérþekkingu og starfar víðsvegar um landið. Verkefnin eru fjölbætt og spanna víðtæk svið en sérgrein fyrirtækisins er mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun.

Starf fyrirtækisins er metnaðarfullt og beinist stöðugt að því að bæta og treysta þjónustu við viðskiptavinum ásamt því að auka hagkvæmni.

Atafl leggur áherslu á,

- Áreiðanleika í verki
- Góða þjónustu
- Vandaða þjónustu
- Hagkvæmni